


Alþingi
Erindi nr. D 139/337
komudagur 22.11.2010

Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 hréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 22. nóvember
2010

Tilvísun: 2010111011PS/--

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga og fleiri lögum

Persónuvernd vísar til tölvubréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis frá 11. nóvember 2010 þar sem umsagnar Persónuverndar er óskað um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum nr. 24/2010 um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.


Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins. Hins vegar er bent á að vafi leikur á því hvort upplýsingar um greiðsluaðlögun séu þess eðlis að þær eigi að færa á skrár með upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust sem haldnar eru til að miðla þeim til annarra vegna lánshæfismats. Ákvæði um slíkar skrár er að finna í reglugerð nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, settri með stöð í 45. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er söfnun og skráning slíkra upplýsinga, í því skyni að miðla þeim til annarra, óheimil án starfsleyfis sem Persónuvernd veitir. Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðinnar er mælt fyrir um að handhafa slíks leyfis, þ.e. svonefndri fjárhagsupplýsingastofu, sé einungis heimilt að vinna með upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt hafa afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Er þá einkum um að ræða upplýsingar úr opinberum skrá, sbr. 2. mgr., s.s. um gjaldþrot, árangurslausar fjárnámsgerðir og nauðasamninga.

Það hvort upplýsingar um greiðsluaðlögun falli undir framangreind ákvæði, þannig að veita ætti heimild til skráningar þeirra í umræddu skyni í starfsleyfum frá Persónuvernd, verður að skoðast í

ljósi tilgangs og eðlis lagasetningar um þetta úrræði. Eins og fram kemur í lögskýringargögnum er með lagasetningunni verið að bregðast við sérstökum aðstæðum og í ljósi þess hefur Persónuvernd ekki talið einhlítt að telja megi það vilja löggjafans að nöfn þeirra sem nýta sér úrræðið séu færð á áður nefndar skrár.

Persónuvernd telur þörf á að löggjafinn taki afstöðu til þessa þannig að hafið sé yfir vafa hvernig túlka beri löggin að því leyti. Í því sambandi má geta þess að í Danmörku hefur það verið gert, en þar er lagt bann við miðlun á upplýsingum um greiðsluaðlögun einstaklinga, sbr. 3. mgr. 23. gr. dönsku persónuupplýsingalaganna nr. 429 frá 31. maí 2000.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður S.', written in a cursive style.

Þórður Sveinsson